

MÁLEFNA- OG SAMSTARFSSAMNINGUR

D- lista Sjálfstæðisfélags Dalvíkurbyggðar og óháðra og K- lista Dalvíkurbyggðar um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 2022-2026.

Meirihlutinn leggur áherslu á opna stjórnsýslu og að efla tengsl hennar við starfsfólk og íbúa sveitarfélagsins. Leggja skal áherslu á gagnrýnin, vönduð og framsækin vinnubrögð sem leggja grunn að framtíðaruppbyggingu sveitarfélagsins með ábyrgan rekstur að leiðarljósi. Áhersla skal lögð á að fagþekking og reynsla starfsfólks fái að njóta sín og að skapa gott vinnuumhverfi sem gefur starfsfólki kost á að veita bestu mögulegu þjónustu hverju sinni. Allar ákvarðanir skulu taka mið af ofangreindum áherslum auk þess að skapa hér fjölskylduvænt, heilsusamlegt og umhverfisvænt samfélag og þannig ýta undir fólksfjölgun í sveitarfélaginu. Áhersla skal lögð á lýðræðisleg vinnubrögð og gott samstarf kjörinna fulltrúa þar sem rödd hvers og eins fær að hljóma.

Verkaskipting og nefndarskipting verður með eftirfarandi hætti:

Forseti sveitarstjórnar: Freyr Antonsson (D)

Formaður byggðarráðs: Helgi Einarsson (K)

Jafnræði verður varðandi formennsku og skiptingu í nefndir og ráð á milli D- lista og K- lista. Leitast skal við að halda jafnræði í kynjaskiptingu í nefndum og ráðum. Samkomulag er á milli listanna að varamenn séu kallaðir til þvert á samstarfslistana ef til þess kemur að það vanti fulltrúa frá öðrum listanum til að fullmanna fundi.

Um breytingu nefnda

Samþykktir á nefndarskipting verður breytt á tveimur sveitarstjórnarfundum. Samstaða er um að stofna Menningarráð í upphafi kjörtímabils. Þá verður Umhverfisráði skipt í tvennt og stofnað nýtt Skipulagsráð sem sér um skipulags- og byggingarmál og nýtt Umhverfis- og dreifbýlisráð sem sér um málefni er snýr að umhverfismálum, framkvæmdum á sviði eigna- og framkvæmdadeildar, landbúnaðarmálum, dreifbýlismálum, samgöngum og loftslagsmálum.

Formennska í helstu nefndum og ráðum:

Fræðsluráð (K)

Íþrótt- og æskulýðsráð (D)

Skipulagsráð (D)

Umhverfis- og dreifbýlisráð (K)

Veitu- og hafnaráð (K)

Félagsmálaráð (D)

Stjórn Dalbæjar (D)

Menningarráð (K)

JH
FA

Sveitarstjóri

Auglýst verður eftir eða ráðinn nýr sveitarstjóri í upphafi kjörtímabils.

Byggðarráð

Lögð verði rík áhersla á mannauðsmál og velliðan starfsfólks. Efla stjórnendur og auka traust til þeirra til að stjórna sínum stofnunum.

Ábyrg fjármálastjórnun og gagnsæi í tekjum og útgjöldum.

Auka íbúalýðræði og upplýsingaflæði með fleiri íbúafundum og að sveitarstjórnarfundir séu í streymi.

Ímyndarsköpun sveitarfélagsins verði eflid sem og sérstaða hvers svæðis innan þess.

Drýsta þarf á ríkið um frekari úrbætur og fjárstuðning um þau mál er það varðar.

Lykill að Dalvíkurbyggð, bæklingur fyrir nýja íbúa þar sem þeir eru boðnir velkomnir.

Skoðuð verði húsvörslumál í skólastofnunum Dalvíkurbyggðar.

Við ætlum að stofna samfélagssjóð sem sé samstarfsverkefni Dalvíkurbyggðar, fyrirtækja og íbúa.

Fræðsluráð

Við viljum að Dalvíkurbyggð verði með framúrskarandi menntastofnanir þar sem uppbygging og eftirfylgni nýsamþykkrar menntastefnu verður áherslumál. Börnum verður þannig skapaðar bestu aðstæður til náms og þroska.

Stuðningur við Árskógarskóla verði aukinn með sérfræðipjónustu og góðum starfsskilyrðum.

Við ætlum að leita leiða til að gefa skólastjórnendum aukin tækifæri til faglegrar forystu.

Stoðþjónusta við börn og starfsmenn verði færð í meira mæli inn í leik- og grunnskóla með betra aðgengi að sérfræðipjónustu. Við ætlum að stytta tíma frá ósk um aðstoð til aðgerða.

Efla þarf þjónustu við tvítyngd börn með markvissum hætti.

Við ætlum að halda áfram að tryggja leikskólavist eftir að fæðingarorlofi lýkur og léttu greiðslubyrði barnafjölskyldna.

JK
FA

Íþrótt- og æskulýðsráð

Við viljum halda áfram með verkefnið heilsueflandi Dalvíkurbyggð þar sem lýðheilsuþætti mismunandi aldurshópa eru sett fram.

Hafið verði samtal um frekari nýtingu félagsmiðstöðvar fyrir fleiri aldurshópa, þar á meðal frístund.

Framkvæmda- og uppbyggingaráætlun íþróttafélaga verði uppfærð miðað við breyttar forsendur. Við viljum hefja samtal um samráð, samnýtingu og samvinnu íþróttafélaga.

Áfram sé unnið að samfelli skólastarfs og æfinga íþróttafélaga.

Styrkja frekar afþreyingu barna á sumrin, fjölbreytt námskeið, menningar- og íþróttatengd.

Auka samtal ráðsins við Ungmennaráð.

Skipulagsráð

Skipulagsráð fer með allt sem tengist skipulagsgerð, umhverfismati framkvæmda, lóðarúthlutun, útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa, afgreiðslufundi byggingarfulltrúa og önnur mál samkvæmt lögum.

Endurskoðun aðalskipulags verði lokið og mikilvægt að skipulagsráðgjafar vinni stafrænt skipulag líkt og Skipulagsstofnun setur kröfur um. Í aðalskipulagi þarf að leggja sérstaka áherslu á stígakerfið og setja inn markmið um vistvæna samgöngumáta og tengingar milli þéttbýlisstaða.

Áfangaskipta þeim svæðum sem fara í deiliskipulag á næstu árum. Mikilvægt er að fara sem fyrst í að skipuleggja ný atvinnu- og íbúðarsvæði til að styrkja búsetumöguleika.

Fara eftir hinu lögbundna samráði við skipulagsgerð en skapa ákveðin vinnuferli/hefðir þar sem skipulagsferlið verður gert aðgengilegra – við viljum fá ábendingar sem fyrst í ferlinu.

Útbúnar verði áfangaáætlanir fyrir opnu grænu svæðin í sveitarfélaginu. Þessi svæði hafa áhrif á ásýnd og ímynd sveitarfélagsins en einnig mikilvæg fyrir lýðheilsu. Brýnt er að hugað sé að öllum aldurshópum.

Umhverfis- og dreifbýlisráð

Umhverfis- og dreifbýlisráð fer með mál sem tengjast umhverfismálum, framkvæmdum á sviði eigna- og framkvæmdadeildar, landbúnaðarmálum, dreifbýlismálum, samgöngum og loftslagsmálum.

Á kjörtímabilinu þarf að auka fjármagn og skilvirkni við framkvæmdir og umhirðu í Dalvíkurbyggð.

Lögð verði áhersla á gerð og framfylgd framkvæmda- og viðhaldsáætlana. Framkvæmda- og snjómokstursáætlanir verði aðgengilegar íbúum.

Uppbygging á hjóla-, reið- og göngustígum verði gerð eftir áætlunum úr aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar.

Hringtenging um friðlandið verði kláruð með því að brúa hitaveitustokkinn.

Lóðir skólastofnana verði áfram byggðar upp og viðhaldið.

Leita leiða til þess að koma hraðhleðslustöðvum upp.

Við ætlum að byggja upp nýja slökkvistöð.

Unnið verði að viðhalds og endurnýjunaráætlun fyrir leiksvæði sveitarfélagsins í samráði við hverfisráð.

Dalvíkurbyggð verði í fararbroddi í umhverfis- og loftslagsmálum.

Að Dalvíkurbyggð aðlagi sig að þeim kröfum sem gerðar eru í breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs sem taka gildi í byrjun árs 2023.

Auka fræðslu og hvetja enn frekar til flokkunar.

Stuðlað verði að bættum samgöngum og umferðaröryggi allt árið um kring. Skoða gerð þjónustusamnings við Vegagerðina um vetrarþjónustu og lagningu bundins slítlags í framdölunum.

Efla almannavarnir og fjarskiptamál.

Veitu- og hafnarráð

Lögð verði áhersla á viðhald og uppbyggingu hafna og átak verði gert í öryggismálum.

Huga vel að innviðum veitumála þannig að öryggi og vöxtur samfélagsins sé tryggður til lengri tíma.

Ráðast þarf í frekari boranir og rannsóknir á heitu og köldu vatni. Tryggja þarf öryggi vatnsbóla.

Smávirkjanakostir verði áfram skoðaðir með bændum og landeigendum.

Þrýsta á Vegagerðina um bætta þjónustu og öryggi við ferjuhafnir.

Framtíðarsýn hveirrar hafnar verði skýr og unnið markvisst að uppbyggingu þeirra.

Framtíðaruppbygging fráveitumála.

Félagsmálaráð

Heimsendur hádegismatur sé keyrður út alla daga.

Höldum áfram að samþætta þjónustu við eldri borgara. Eflum þjónustu, lýðheilsu og forvarnir með aukinni fræðslu þannig að fólk geti búið sem lengst á sínu heimili. Innleiðing velferðartækni til að viðhalda og auka öryggi fólks í daglegu lífi, ýta undir sjálfstæði einstaklinga og bæta lífsgæði.

Auka aðgengi að fræðslu og forvarnarstarfi um heilbrigði, samskipti og jafnrétti.

Opna samtal um frekari iðju fyrir íbúa Dalvíkurbyggðar.

Að tilheyra samfélagi og finna tilgang er mikilvægt hverjum einstaklingi. Við viljum hefja samtal við einstaklinga sem upplifa félagslega einangrun.

JHK
FA

Stjórn Dalbæjar

Stækkun leikskólalóðar verði hönnuð og byggð upp með tilliti til nálægðar við útivistarsvæði við Dalbæ. Horft sé til að allir aldurshópar geti notið samveru utandyra. Hafist verði handa við uppbyggingu samkvæmt framtíðar hönnunartillögu.

Haldið sé áfram endurbótum á baðherbergjum íbúa og fyrir dagvistun.

Skoða samstarf Dalvíkurbyggðar og Dalbæjar varðandi snjómokstur, söndun og umhirðu lóðar.

Faglegt og rekstrarlegt starf á Dalbæ er til fyrirmyndar. Við munum vinna áfram með starfsfólki í því góða starfi og hlusta eftir ráðleggingum hvað megi betur fara.

Deiliskipulagsvinnu við Dalbæ verði haldið áfram í samráði við íbúa. Heilbrigðisráðherra hefur sett fram áætlun um uppbyggingu hjúkrunarheimila. Við munum beita okkur fyrir fjölgun rýma, á eða við Dalbæ.

Heimsendur matur frá Dalbæ verði í boði alla daga vikunnar.

Við ætlum að hvetja til og finna leiðir til að byggja 12 leiguíbúðir fyrir 60+ í nálægð við Dalbæ.

Menningarráð

Efla menningartengda starfssemi og hlúa að varðveislu menningarverðmæta.

Lögð verði áhersla á félagslega eflingu viðkvæmra hópa í samtarfi við t.d. bókasafn.

Menningarráð aðstoði listamenn við að finna sameiginlegan vettvang til samvinnu.

Unnið verði að stefnumótun safna í Dalvíkurbyggð í samvinnu við starfsfólk menningarstofnanna.

Ráðið fylgi eftir úttekt á gamla skóla sem safnamiðstöð og farið verði í ráðgefandi íbúakosningu um framhaldið.


Halda utan um og efla Menningarþing.

Skoðað verði frekara samstarf Menningarráðs og stjórnar Menningarfélagsins Berg ses.

Að öðru leyti er vísað í stefnuskrár beggja framboða fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 14. maí 2022.

Samkomulag þetta er staðfest með undirritun oddvita D- og K- lista.

Dalvíkurbyggð 1. júní, 2022.

Freyr Antonsson (D)


Helgi Einarsson (K)
